

# Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Íþróttakennsla í framhaldsskólum  
Mars-maí 2011

Bls.

3	<b>Framkvæmd</b>
	<b>Niðurstöður</b>
4	Sp. 1 Hvernig aðstaða er til íþróttakennslu í skólanum?
4	Sp. 2 Hversu margir kenna íþróttir við skólann á vorönn 2011?
5	Sp. 3 Hversu margir kennarar af hvoru kyni kenna íþróttir við skólann?
5	Sp. 4 Hversu hátt er samanlagt starfshlutfall þeirra sem kenna íþróttir við skólann?
6	Sp. 5 Hver er menntun þeirra sem kenna íþróttir við skólann?
6	Sp. 6 Er skipulagt samstarf milli íþróttakennara í skólanum og eftirtalinna starfsmanna?
7	Sp. 7 Hvert er markmiðið með samstarfi íþróttakennara við skólann og forvarnarfulltrúa/náms- og starfsráðgjafa/hjúkrunarfræðings/félagslífsfulltrúa?
9	Sp. 8 Stunda allir nemendur í reglulegu dagskólanámi íþróttir samkvæmt stundaskrá skólans fyrstu fjögur námsár sín við skólann?
9	Sp. 9 Hvaða ástæður eru fyrir því að það stunda ekki allir nemendur í reglulegu dagskólanámi íþróttir samkvæmt stundaskrá fyrstu fjögur námsár sín?
10	Sp. 10 Stendur nemendum í reglulegu dagskólanámi til boða að sækja íþróttakennslu í skólanum allan þann tíma sem þeir stunda nám, jafnvel þótt þeir hafi uppfyllt heildareiningafjölda sem krafist er vegna íþróttar?
10	Sp. 11 Hvers vegna stendur nemendum í reglulegu dagskólanámi ekki til boða að sækja íþróttakennslu í skólanum áfram eftir að þeir hafa uppfyllt heildareiningafjölda vegna íþróttar?
11	Sp. 12 Hversu oft í viku sækja nemendur í reglulegu dagskólanámi að jafnaði íþróttatíma?
11	Sp. 13 Hversu langur er hver íþróttatími?
12	Sp. 14 Hvað ræður því hvernig íþróttakennslu í skólanum er háttað, þ.e. hversu oft í viku og hve lengi í hvert skipti nemendur sækja íþróttatíma?
13	Sp. 15 Geta nemendur fengið íþróttaiðkun utan skóla metna til eininga?
13	Sp. 16 Hvaða viðmið eru notuð til að ákveða hvort íþróttaiðkun nemenda utan skóla er metin til eininga?
14	Sp. 17 Hversu margir nemendur stunda reglulegt dagskólanám við skólann?
14	Sp. 18 Hversu margir nemendur í reglulegu dagskólanámi fá undanþágu frá íþróttakennslu á vorönn 2011?
15	Sp. 19 Vinsamlegast gefðu dæmi um ástæður fyrir því að nemendur fá undanþágu frá íþróttakennslu, aðrar en vegna veikinda eða að íþróttir utan skóla séu metnar til eininga?
15	Sp. 20 Þýður skólinn nemendum kennslu í sundi sem hluta af íþróttanámi við skólann?
16	Sp. 21 Hversu margar einingar samtals er bóklegt nám af heildareiningafjölda fyrir íþróttir í reglulegu dagskólanámi?
16	Sp. 22 Hvaða námsefni er notað við bóklega kennslu í íþróttum?
17	Sp. 23 Hvernig er fylgst með árangri nemenda í íþróttum?
17	Sp. 24 Hvað er lagt til grundvallar við einkunnagjöf í íþróttum?
18	Sp. 25 Hvaða valáfanga í íþróttum er boðið upp á í skólanum fyrir nemendur í reglulegu dagskólanámi?
19	Sp. 26a Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á fyrstu önn?
19	Sp. 26b Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á annarri önn?
20	Sp. 26c Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á þriðju önn?
20	Sp. 26d Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á fjórðu önn?
21	Sp. 26e Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á fimmtu önn?
22	Sp. 26f Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á sjöttu önn?
23	Sp. 26g Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á sjöundu önn?
24	Sp. 26h Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á áttundu önn?
25	Sp. 27 Eru gefnar út kennsluáætlanir í íþróttum í upphafi annar?
25	Sp. 28 Hvers vegna eru ekki gefnar út kennsluáætlanir í íþróttum í upphafi annar?
26	Sp. 29 Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri að lokum
27	<b>Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna</b>

**Lýsing á rannsókn**

Unnið fyrir	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Markmið	Að kanna ýmsa þætti sem tengjast íþróttakennslu í framhaldsskólum á vorönn 2011
Framkvæmdatími	31. mars til 10. maí 2011
Aðferð	Netkönnun
Úrtak	Skólastjórnendur 32 framhaldsskóla á landinu *
Verknúmer	4020967

\* Borgarholtsskóli  
Fjölbautaskólinn við Ármúla  
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra  
Fjölbautaskóli Snæfellinga  
Fjölbautaskóli Suðurlands  
Fjölbautaskóli Suðurnesja  
Fjölbautaskóli Vesturlands  
Fjölbautaskólinn í Breiðholti  
Fjölbautaskólinum í Garðabæ  
Flensborgarskólinn  
Framhaldsskólinn á Húsavík  
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu  
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ  
Framhaldsskólinn á Laugum  
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum  
Iðnskólinn í Hafnarfirði

Kvennaskólinn í Reykjavík  
Menntaskóli Borgarfjarðar  
Menntaskólinn á Akureyri  
Menntaskólinn á Tröllaskaga  
Menntaskólinn að Laugarvatni  
Menntaskólinn Hraðbraut  
Menntaskólinn í Kópavogi  
Menntaskólinn í Reykjavík  
Menntaskólinn við Hamrahlíð  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Menntaskólinn við Sund  
Menntaskólinn á Ísafirði  
Tækniskólinn  
Verkmenntaskóli Austurlands  
Verkmenntaskólinn á Akureyri  
Verzlunarskóli Íslands

Reykjavík, 24. maí 2011

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Vilborg Helga Harðardóttir  
Unnur Diljá Teitsdóttir  
Matthías Þorvaldsson


Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið tölvupóst á [abending@capacent.is](mailto:abending@capacent.is) til að koma þeim á framfæri.

## Hvernig aðstaða er til íþróttakennslu í skólanum?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Leigð aðstaða í íþróttahúsi	18	56,3
Leigð aðstaða í líkamsræktarstöð	11	34,4
Íþróttahús við skólann	10	31,3
Önnur aðstaða	11	34,4
Fjöldi svara	50	
Fjöldi svarenda	32	

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Þeir sem nefndu „Önnur aðstaða“:


- Leigð aðstaða í sundlaug (nefnt af 3).
- Danssalur í skóla.
- Gerður hefur verið samningur við íþróttafélög um kennslu í knattspyrnu og körfubolta. Kröfur eru gerðar um að menntaðir íþróttakennarar sjái um námið. Einnig bjóðum við upp á að nemendur sækji íþróttir í líkamsræktarstöð þar sem að staðaldri eru tveir íþróttakennarar sem leiðbeina nemendum.
- Leigð aðstaða í sundlaug, útivist.
- Lítil íþróttasalur með líkamsræktartækjum í húsnæði skólans.
- Skauta- og fótboltaaðstaða í íþróttamiðstöð.
- Sundaðstaða.
- Tækjasalur í skólahúsnæðinu.
- Útileikfimi, útihlaup o.fl.

## Spurning 2

## Hversu margir kenna íþróttir við skólann á vorönn 2011?

Hér er spurt um fjölda einstaklinga en ekki fjölda stöðugilda

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Enginn	2	6,3
Einn	6	18,8
Tveir	11	34,4
Þrír	4	12,5
Fjórir	7	21,9
Fimm	1	3,1
Sex	0	0,0
Fleiri en sex	1	3,1
Fjöldi svarenda	32	100,0
<b>Meðaltal</b>	3	
Staðalfrávik	1,5	
Miðgildi	2	
Tíðasta gildi	2	




## Hversu margir kennarar af hvoru kyni kenna íþróttir við skólann?


Mars-maí 2011

	Karlur		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
<b>Fjöldi</b>				
Engin(n)	5	15,6	11	34,4
Ein(n)	13	40,6	10	31,3
Tveir/Tvær	10	31,3	9	28,1
Þrír/Þrjár	3	9,4	2	6,3
Fjórir/Fjórar	1	3,1	0	0,0
Fjöldi svarenda	32	100,0	32	100,0
<b>Meðaltal</b>	1	karl	1	kona
Staðalfrávik	1,0	karl	0,9	kona

## Karlur




## Konur



## Spurning 4

## Hversu hátt er samanlagt starfshlutfall þeirra sem kenna íþróttir við skólann?


Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Enginn kennari við skólann	2	6,3
Lægra en 50%	3	9,4
50%-99%	5	15,6
100%-149%	6	18,8
150%-199%	1	3,1
200%-249%	4	12,5
250%-299%	2	6,3
300%-349%	3	9,4
350%-399%	2	6,3
400%-449%	3	9,4
600%-649%	1	3,1
Fjöldi svarenda	32	100,0



## Hver er menntun þeirra sem kenna íþróttir við skólann?

Mars-maí 2011


Svör	Íþróttakennarar/-fræðingar með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi		Framhaldsskólakennarar með aðra sérgrein en íþróttir		Leiðbeinendur		Önnur menntun	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Enginn	2	6,3	30	93,8	31	96,9	31	96,9
Einn	9	28,1	1	3,1	1	3,1	1	3,1
Tveir	9	28,1	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Þrír	5	15,6	1	3,1	0	0,0	0	0,0
Fjórir	5	15,6	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Fimm	1	3,1	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Sex	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Sjö	1	3,1	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Fjöldi svarenda	32	100,0	32	100,0	32	100,0	32	100,0
<b>Meðalfjöldi</b>	2,3		0,1		0,0		0,0	
Staðalfrávik	1,5		0,6		0,2		0,2	



## Spurning 6

## Er skipulagt samstarf milli íþróttakennara í skólanum og eftirtalinna starfsmanna?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já, forvarnafulltrúa	21	65,6
Já, félagslífsfulltrúa	17	53,1
Já, náms- og starfsráðgjafa	16	50,0
Já, hjúkrunarfræðings	4	12,5
Nei, ekki er samstarf við neinn ofangreindra starfsmanna	9	28,1
Fjöldi svara	67	
Tóku afstöðu	32	



Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

## Hvert er markmiðið með samstarfi íþróttakennara við skólann og forvarnarfulltrúa/náms- og starfsráðgjafa/hjúkrunarfræðings/félagslífsfulltrúa?

Mars-maí 2011

Þeir sem nefndu að að skipulagt samstarf væri á milli íþróttakennara í skólanum og forvarnarfulltrúa/náms- og starfsráðgjafa/hjúkrunarfræðings/félagslífsfulltrúa (sp. 6) voru spurðir þessarar spurningar.

Þeir sem nefndu „Já, forvarnarfulltrúa“:

- Að ýta undir hreyfingu og holla lífshætti sem forvörn í samræmi við þá áherslu sem við leggjum á lýðheilsu í stefnu skólans.
- Aðstoða nemendur sem eru í vanda með sjálfa sig, vegna ýmissa mála og styrkja forvarnir.
- Efla forvarnarstarf í tengslum við lífsleikni.
- Efla forvarnir í skólanum og tengja þær við heilbrigðan lífstíl.
- Einn af íþróttakennurum er einnig forvarnarfulltrúi og hefur fléttað saman forvörnum við heilbrigðan lífstíl.
- Hvetja fólk til heilbrigðs lífennis með íþróttaiðkun og hollu mataræði. Til stendur að verða heilsueflandi skóli og er íþróttakennari yfir verkefninu.
- Skólinn er að innleiða og þróa forvarnir í viðtækum skilningi inn í allt starf skólans (Heilsueflandi framhaldsskóli). Forvarnarfulltrúi og íþróttakennarar eru lykilstarfsmenn í þessari vinnu, ásamt fleirum, þar sem markmiðið er að breyta hugarfari og hegðun allra sem í skólanum starfa í átt að heilbrigðum lífstíl.
- Íþróttakennarinn er forvarnarfulltrúi skólans. Heilbrigður lífstíl, mataræði, hreyfing, forvarnir og geðrækt.
- Íþróttir og forvarnir fara saman.
- Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og markmiðin eru í því verkefni.
- Markmiðið er að tengja saman bóklega þáttinn í íþróttum hjá fyrsta árs nemum og markvissa forvarnarfræðslu.
- Reyna að fanga greinina út frá sem flestum hliðum.
- Skólinn býður uppá afreksíþróttáfangar þar sem nemendur undirrita samning um að neyta ekki áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna. Unnið er að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem bæði forvarnarfulltrúi og íþróttakennari leika stórt hlutverk.
- Skólinn er Heilsueflandi framhaldsskóli. Forvarnarfulltrúi er jafnframt leiðbeinandi í útivist, sem kennt er af íþróttakennurum, og þar er markmiðið m.a. heilbriggt lífni. Markmiðið með samstarfi íþróttakennara og forvarnarfulltrúa er að efla forvarnargildi íþróttar.
- Stuðla að heilbrigðu líferni nemenda og vera vakandi yfir velferð þeirra. Miðla upplýsingum um það hvort neysla eigi sér stað.
- Stuðla að heilsuefingu í skólanum.
- Tengjast forvarnarteymi vegna þess að íþróttakennarar umgangast fleiri nemendur en meðalkennarinn.
- Verkefnasvið beggja skarast með þátttöku í störfum utan hefðbundins skólastarfs. Meginmarkmiðið er að styðja heilbriggt félagslíf með þátttöku nemenda í viðburðum sem reyna á útiveru og hreyfingu.
- Vinna að bættri heilsu og líðan nemenda.
- Það er sami einstaklingurinn.
- Þau vinna að sama markmiði, efla forvarnir, t.d. danskennsla.

Þeir sem nefndu „Já, félagslífsfulltrúa“:

- Að ýta undir og leggja áherslu á heilsusamlegan lífstíl og auka aðgengi að skemmtunum án vímuefna.
- Efla félagslífið meðal nemenda.
- Efla forvarnarstarf í tengslum við lífsleikni.
- Halda út öflugu félagslífi í íþróttum.
- Heilbriggt skemmtanalíf.
- Íþróttir og félagslíf eru nátengd.
- Markmiðið er að efla félagslífið í skólanum.
- Markmiðin felast í HOFF verkefninu.
- Sama svar og samstarf milli forvarnarfulltrúa og íþróttakennara.
- Sami aðili gegnir starfi forvarnarfulltrúa og félagsmálafulltrúa skólans.
- Samstarf um íþróttakeppnir.
- Skipuleggja ýmsa viðburði.
- Stuðla að heilbrigðu félagslífi nemenda.
- Stuðla að heilsuefingu í skólanum.
- Vinna saman innan verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem félagslífsfulltrúi er mikilvægur tengiliður við nemendur við að þróa t.d. hreyfingarþátt verkefnisins.
- Það er sami einstaklingurinn.
- Þetta er einn og sami maðurinn, þ.e. einn af íþróttakennurum skólans er jafnframt félagslífsfulltrúi við skólann.

## Hvert er markmiðið með samstarfi íþróttakennara við skólann og forvarnarfulltrúa/náms- og starfsráðgjafa/hjúkrunarfræðings/félagslífsfulltrúa?

Mars-maí 2011

Þeir sem nefndu „Já, náms- og starfsráðgjafa“:

- Að koma á framfæri upplýsingum um gengi nemenda, vinna saman að sérstökum áföngum fyrir nemendur sem þurfa meiri aðstoð í líkamsrækt.
- Efla forvarnarstarf í tengslum við lífsleikni.
- Fylgjast með heilsu og heilbrigði nemenda og geta gert viðeigandi ráðstafanir ef þarf.
- Í hópnum eru nemendur með sérþarfir sem námsráðgjafi vinnur með kennurum.
- Íþróttabrautin er spennandi námsleið sem fleiri mættu velja sér.
- Íþróttakennarar og náms- og starfsráðgjafar fylgjast með nemendum sem þurfa sérstakan stuðning.
- Íþróttakennari skólans hefur jafnframt umsjón með hópi nýnema. Náms- og starfsráðgjafi hefur yfirumsjón með umsjónarstarfi skólans og vinnur með umsjónarkennurum að því að halda vel utanum nemendahópinn.
- Markmiðið er að fylgjast með og greina líðan og heilsufar nemenda til að grípa inn eins fljótt og unnt er ef eitthvað bjátar á. Þessir aðilar tengjast einnig í gegnum verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli.
- Markmiðið er að íþróttakennarinn sé inni í einstaklingsmálum sem tengjast íþróttum og íþróttaiðkun til að gæta að fagmennsku í meðferð einstaklingsmála.
- Markmiðið er að veita upplýsingar um skólastarfið og námsmöguleika.
- Markmiðin felast í HOFF verkefninu.
- Náms- og starfsráðgjafar vinna með öllum kennurum, einnig spurning um leiðir fyrir einstaka nemendur.
- Námsráðgjafi hefur viðtöl við alla nýnema og foreldra þeirra í upphafi skólagöngu og samstarfið við íþróttakennara er til þess að hann fái milliliðalaust upplýsingar um nýnema varðandi hugsanleg frávik í íþróttanámi eða annað sem skiptir máli og snertir íþróttirnar.
- Styðja nemendur.
- Vegna tengsla við nemendur og fylgjast með námsframvindu þeirra.
- Við viljum að allir nemendur stundi íþróttir og því hafa þessir aðilar unnið saman til að finna leiðir til að mæta þörfum ólíkra nemenda.

Þeir sem nefndu „Já, hjúkrunarfræðings“:


- Íþróttakennarar og hjúkrunarfræðingur hafa samstarf um nemendur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Hjúkrunarfræðingur hefur verið fulltrúi skólans í verkefni um holla hreyfingu á vegum Lýðheilsustöðvar.
- Samanber hér áður þá er hjúkrunarfræðingur einnig í stýrihópi vegna innleiðingar verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli. Þá hafa hjúkrunarfræðingur og íþróttakennari staðið saman að því að hvetja starfsfólk skólans til þess að hreyfa sig og huga að líkamlegri og andlegri heilsu.
- Varðandi offitu og annað sem nemendur þurfa að láta athuga, t.d. þunglyndi og fælni.
- Við teljum starf hjúkrunarfræðings mjög mikilvægt. Nokkrir slíkir kenna við skólann að auki. Íþróttabraut og sjúkraliðabraut kalla á kennara með menntun af því tagi.



## Stunda allir nemendur í reglulegu dagskólanámi íþróttir samkvæmt stundaskrá skólans fyrstu fjögur námsár sín við skólann?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já	24	75,0
Nei	8	25,0
Fjöldi svarenda	32	100,0



## Spurning 9

## Hvaða ástæður eru fyrir því að það stunda ekki allir nemendur í reglulegu dagskólanámi íþróttir samkvæmt stundaskrá fyrstu fjögur námsár sín?


Þeir sem nefndu að nemendur í reglulegu dagskólanámi stunduðu ekki allir íþróttir samkvæmt stundaskrá skólans fyrstu fjögur námsár sín við skólann (sp. 8) voru spurðir þessarar spurningar.

- Eldri nemendur hafa heimild til að stunda íþróttir að sjálfspáðum en þurfa að sanna þá iðkun með undirskriftum og vottun hreyfingar.
- Hjá okkur taka nemendur tvær einingar á önn fyrstu tvö árin og ljúka því íþróttum eftir tvö ár. Þeir geta svo tekið íþróttir í vali ef þeir vilja. Þetta er gert til að nemendur fái meiri æfingar fyrstu tvö árin en eftir það vilja gjarnan stunda íþróttir á eigin vegum. Þetta reynist vel og tryggir þó nokkra hreyfingu ásamt því að koma til móts við óskir nemenda.
- Nám skólans stendur ekki í fjögur ár. Nemendur stunda íþróttir fyrstu fjórar annir sínar í skólanum.
- Nemendur geta lokið 4 einingum í íþróttum á fyrsta ári sínu hér.
- Skipulag íþróttakennslu var endurmetið á síðasta ári m.a. í tengslum við innleiðingu á verkefni Heilsueflandi framhaldsskóli. Nú eru nemendur þrisvar sinnum í viku í íþróttum fyrstu tvö árin og hafa síðan val um íþróttaráfanga seinni tvö árin. Þessari breytingu er fylgt eftir með rannsókn/athugunum og lofar góðu.
- Sumir eru búnir með áfangana og sumir eru á eftir með þá.
- Það eiga allir að stunda íþróttir reglulega á hverri önn en það er alltaf einhver hópur sem ekki stundar íþróttir af margvíslegum ástæðum.
- Við skipuleggjum íþróttakennslu þannig að á fyrsta ári taka nemendur 4 einingar í íþróttum, en eina eftir það. Tilskyldar 8 einingar eru þannig komnar eftir þriðja ár, sumir velja fleiri einingar en það er frjálst. Vaxandi fjöldi lýkur stúdentsprófi á þremur eða þremur og hálfu ári. Síðan eru örfáir nemendur undanskýldir íþróttum, vegna veikinda, þeir taka þá annað, helst íþróttatengt nám, eða hreyfingu í samráði við lækna eða sjúkráþjálfara.

#### Spurning 10

Stendur nemendum í reglulegu dagskólanámi til boða að sækja íþróttakennslu í skólanum allan þann tíma sem þeir stunda nám, jafnvel þótt þeir hafi uppfyllt heildareiningafjölda sem krafist er vegna íþróttá?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já	31	96,9
Nei	1	3,1
Fjöldi svarenda	32	100,0



#### Spurning 11

Hvers vegna stendur nemendum í reglulegu dagskólanámi ekki til boða að sækja íþróttakennslu í skólanum áfram eftir að þeir hafa uppfyllt heildareiningafjölda vegna íþróttá?


Þeir sem nefndu að nemendum í reglulegu dagskólanámi stæði ekki til boða að sækja íþróttakennslu í skólanum allan þann tíma sem þeir stunda nám, jafnvel þótt þeir hafi uppfyllt heildareiningarfjölda sem krafist er vegna íþróttá (sp. 10) voru spurðir þessarar spurningar.

- Íþróttir eru ekki kenndar við skólann af starfsmönnum skólans. Íþróttakennslan er í höndum starfsmanna í líkamsræktarstöð og samkvæmt skipulagi sem gert er við einstaka nemendur.

## Hversu oft í viku sækja nemendur í reglulegu dagskólanámi að jafnaði íþróttatíma?

Mars-maí 2011


Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Einu sinni	10	31,3
Tvisvar sinnum	19	59,4
Þrisvar sinnum	3	9,4
Fjöldi svarenda	32	100,0



## Spurning 13

## Hversu langur er hver íþróttatími?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
40 mínútur	9	28,1
60 mínútur	12	37,5
80 (2x40) mínútur	8	25,0
Annað	3	9,4
Fjöldi svarenda	32	



**Hvað ræður því hvernig íþróttakennslu í skólanum er háttað, þ.e. hversu oft í viku og hve lengi í hvert skipti nemendur sækja íþróttatíma?**

Mars-maí 2011


- Áfangalýsing.
- Ákvæði námskrár.
- Ákvarðanir um það eru teknar af íþróttakennara og skólameistara. Áfangar í afreksíþróttum eru í samstarfi við íþróttafélag. Íþróttakennari hefur yfirumsjón með samstarfinu.
- Ákvörðun stjórnenda.
- Eftir áföngum, kennum samkvæmt námskrá.
- Eina einingu á önn á að kenna í tvo 40 mínútna tíma samkvæmt núverandi skipulagi kennslu í framhaldsskólum.
- Einingafjöldi íþrótta í brautalýsingu skólans. Eins skipulagsatriði vegna nýtingu íþróttahússins.
- Fylgt er skólanámskránni. Allar kennslustundir eru 40 mínútur, bæði í bóklegum greinum og íþróttum.
- Fjöldi tíma í íþróttum ræðst af lausum tímum í íþróttahúsi.
- Íþróttakennarar í samvinnu við skólastjómendur.
- Íþróttakennarinn.
- Kennarar ráða því hvort þeir kenna einfalda eða tvöfalda tíma.
- Kostnaður við að leigja húsnæði undir íþróttakennslu. Við reynum að hafa hana sem fjölbreyttasta, bæði úti og inni, og reynum að koma til móts við alla.
- Námskrá.
- Námskrá framhaldsskólans.
- Nemendur á fyrsta námsári mæta þrisvar x 60 mínútur í viku því þeir taka 2 einingar á önn. Aðrir eru í tveimur 60 mín. tímum. Tímalengdin, 60 mínútur er notuð því að öll kennsla í stundatöflum nemenda er skipulögð með 60 mínútna tímum (1,5 kennslustund).
- Nemendur eiga að taka 8 einingar í íþróttum samkv. námskrá. Nemendur taka tvær einingar á ári, þ.e. tvo tíma á viku allan veturinn öll árin. Hver kennslustund í skólanum er 40 mín. og verða íþróttatímarnir því að vera eins til að passa inn í stundatöflu.
- Nemendur ná íþróttaáfangu ef þau mæta 16 klst. á önn.
- Ræðst mest af námskrá, skipulag í höndum skólastjóra.
- Skólinn notast við klukkutíma og gildir það einnig í íþróttum.
- Skipulag og uppbygging námskrár. Skólinn vinnur eftir nýrri námskrá og ákvarðanir um skipulag hennar eru teknar af stjórnendum og kennarahópnum.
- Skipulag stundaskrár og úthlutun tíma í íþróttahúsi.
- Skólanámskrá.
- Skólinn ákveður það í námskrá.
- Stuðst er við námskrá í íþóttum.
- Stundarskrárfornið og aðstaða til iðkunar og aðgengi að íþróttahúsi.
- Stundaskrármynstur og námskrá.
- Stundataflan og fjarlægð íþróttahúss frá skólanum.
- Þar sem íþróttahús er við skólann eru litlar hindranir í skipulagningu íþróttastarfs nema stundaskrá.
- Þetta er ákveðið í samráði við íþróttakennara skólans og farið eftir námskrá.
- Yfirstjórn skólans í samráði við kennara.

Einn svarandi tók ekki afstöðu.

## Geta nemendur fengið íþróttaiðkun utan skóla metna til eininga?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já	26	81,3
Nei	6	18,8
Fjöldi svarenda	32	100,0



## Spurning 16

## Hvaða viðmið eru notuð til að ákveða hvort íþróttaiðkun nemenda utan skóla er metin til eininga?


Beir sem nefndu að nemendur gætu fengið íþróttaiðkun utan skóla metna til eininga (sp. 15) voru spurðir þessarar spurningar.

- Ef þau eru yngri en átján ára (fyrstu tvö árin) þá er gerð sú krafa að þau æfi með landsliði eða eigin flokki og einnig meistaraflokki. Eldri en 18 ára er það spurning um að æfa íþróttir 4 til 5 sinnum í viku. Eldri en 20 ára geta stundað íþróttir utan skólans ef það er sambærilegt og hjá nemendum í skólunum.
- Fagstjóri íþróttá metur á grundvelli tímajöfölda og þess hvort sú íþróttaiðkun hefur farið fram undir handleiðslu hæfs leiðbeinanda þannig að skilyrði námskrár séu uppfyllt.
- Farið eftir námskránni.
- Fjölmiörg mismunandi atriði. Hvernig íþróttaiðkun er um að ræða, hversu mikil hún er og skilgreint til kennara hvernig henni er háttað. Skólinn starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla frá 2008 og þar gefst tækifæri á að meta nám eða vera í samstarfi um íþróttanáms á miklu fjölbreyttari máta en áður var.
- Greinargerð frá þjálfara viðkomandi og menntun þjálfara.
- Í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla um að koma til móts við afreksíþróttafólk.
- Keppni á landsvísu eða héraðsvísu í hópiþróttum í 1. deild og ofar gefur allt að 3 einingar. Í einstaklingsíþróttum er hvert tilvik metið sérstaklega.
- Keppnisíþrótt staðfest af þjálfara og framkvæmdastjóra íþróttafélags.
- Miðað við að nemendur séu að æfa þá grein sem metin er að lágmarki tvisvar í viku.
- Mjög ströng viðmið. Nemendur (á 3. og 4. ári) geta fengið metnar stífar æfingar með meistaraflokki í íþrótt sinni.
- Nemandi sem stundar umfangsmikla líkamsþjálfun samhliða námi í skólanum á vegum sérsambands og/eða íþróttafélags, undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttfræðings eða kennara, getur óskað eftir því að vera undanþeginn vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum. Fyrir upphaf skólaárs eða námsannar þarf nemandi að skila til skólans þjálfunaráætlun sem viðkomandi þjálfari hefur staðfest. Einnig þarf að staðfesta í lok skólaársins að nemandinn hafi stundað þjálfunina. Þessir nemendur þurfa að skila verkefnum úr bókinni *Þjálfun, heilsa, vellíðan* til fagstjóra í íþróttum. Stjórnendur skólans ákveða hvort íþróttþjálfunin er metin í stað leikfimi eða ekki. Að hámarki getur nemandi fengið eina námseiningu metna, vegna þjálfunar sinnar, fyrir hverja önn í skólanum.
- Nemandi verður að vera skráður í íþróttakademiuna/afreksíþróttir sem skólinn rekur í samvinnu við íþróttafélögin og stunda ákveðna íþróttagrein.
- Nemendur geta valið á milli þess að mæta í líkamsræktarstöð, í sund, stunda reglulega þjálfun hjá íþróttafélagi eða gert sérstakt samkomumlag um íþróttaiðkun.
- Nemendur sem stunda íþróttir sem afreksíþróttamenn geta sótt um að fá þá íþrótt metna til eininga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en hún kemur ekki í staðinn fyrir íþróttir. Nemendur geta fengið að nota þessar einingar í stað valgreina.
- Nemendur sem stunda umfangsmikla þjálfun (6x í viku) hjá íþróttafélagi undir stjórn menntaðs þjálfara geta fengið það metið.
- Nemendur þurfa að skila skipulagi yfir það sem þeir eru að gera. Gera samning við íþróttakennarana og mæta tvisvar á önn til þeirra í mælingar.
- Það er farið eftir því sem segir í námskrá. Það verður að vera útlærður íþróttakennari sem sér um þjálfunina og þau verða að skila inn í upphafi annar þjálfunarprógrammi fyrir veturinn og svo staðfestingu í lok annar á að þau hafi stundað viðkomandi íþrótt.
- Þátttaka í afreksíþróttum.
- Þau þurfa að votta iðkun með undirskrift þjálfara og starfsmanna í líkamsrækt og sundlaug.
- Þegar nemendur eru komnir á fjórðu önn, þ.e. eftir 300, þá fá nemendur metnar íþróttir til helminga ef þeir stunda íþróttir þrisvar sinnum í viku og koma með staðfestingu þar um frá íþróttafélagi eða bærum aðila.
- Þeir nemendur sem stunda reglulega æfingar með íþróttafélagi (a.m.k. 4x í viku) fá eina einingu á önn. Til stendur að fjölga einingum og hafa þær tvær í þeim tilvikum þar sem nemendur eru að æfa í fleiri tíma á viku en fyrr greinir.
- Tímafrekar æfingar í einstökum íþróttagreinum koma til álita við mat til eininga.
- Umfang og fjöldi tíma sem fer í æfingar.
- Verða að skila skriflegu vottorði að þau hafi sótt sér hreyfingu annars staðar.
- Viðmiðið sem notað er byggir á heildaríþróttaiðkun nemenda. Ef nemandi stundar mjög miklar íþróttir utan skólans sem þjálfari eða íþróttakennari getur staðfest, er það metið til eininga.
- Viðamikil þjálfun undir stjórn þjálfara sem hefur menntun til þess að þjálfra. Dæmi: Þátttaka í meistaraflokki.

## Hversu margir nemendur stunda reglulegt dagskólanám við skólann?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Undir 200	9	28,1
200 til 599	8	25,0
600 til 999	7	21,9
1000 eða fleiri	8	25,0
Fjöldi svarenda	32	100,0
<b>Meðaltal</b>	625	
Staðalfrávik	472	



## Spurning 18

## Hversu margir nemendur í reglulegu dagskólanámi fá undanþágu frá íþróttakennslu á vorönn 2011?

Svör	Íþróttaiðkun utan skóla metin í stað íþróttanna í skólanum		Undanþága vegna veikinda		Undanþága af öðrum ástæðum	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Enginn	14	43,8	13	40,6	23	74,2
1 til 5	4	12,5	7	21,9	3	9,7
6 til 10	3	9,4	5	15,6	1	3,2
11 til 15	1	3,1	0	0,0	1	3,2
Fleiri en 15	10	31,3	7	21,9	3	9,7
Fjöldi svarenda	32	100,0	32	100,0	31	100,0
<b>Meðalfjöldi nemenda</b>	26		9		6	
Staðalfrávik	47,6		13,8		17,0	

**Vinsamlegast gefðu dæmi um ástæður fyrir því að nemendur fá undanþágu frá íþróttakennslu, aðrar en vegna veikinda eða að íþróttir utan skóla séu metnar til eininga?**

Mars-maí 2011


Þeir sem nefndu að nemendur fengju undanþágu frá íþróttakennslu á vorönn 2011 af öðrum ástæðum (sp. 18) voru spurðir þessarar spurningar.

- Félagssælni og nemandi með ungabarn.
- Fötlan.
- Fullorðnir, þ.e. eldri en 25 ára, fá undanþágu. Nemandi keppir með íþróttafélagi og er metinn sem afreksíþróttamaður: Gönguskíði, körfubolti, knattspyrna, hestamennska og glíma.
- Nemendur sem eru eldri en 20 ára geta fengið undanþágu en verða að skila öðrum einingum í staðinn.
- Til dæmis vegna aldurs, meðalaldur við skólann er mjög hár.
- Vegna aldurs og heimilisaðstæðna (allt eldri nemandi með fjölskyldu).
- Vegna aldurs.
- Viðmiðunarreglan er sú að enginn fái undanþágu frá íþróttum en eftir slys fara nemendur stundum til sjúkraþjálfara og fá æfingaprógram sem þeir stunda undir leiðsögn íþróttakennara við skólann.

## Spurning 20

**Býður skólinn nemendum kennslu í sundi sem hluta af íþróttanámi við skólann?**

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já, sem val	12	37,5
Já, sem hluta af brautarkjarna	10	31,3
Nei	12	37,5
Fjöldi svara	34	
Fjöldi svarenda	32	




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðareftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

## Hversu margar einingar samtals er bóklegt nám af heildareiningafjölda fyrir íþróttir í reglulegu dagskólanámi?

Mars-maí 2011


Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Engin eining	4	16,0
1 eining	11	44,0
2 einingar	7	28,0
3 einingar	0	0,0
4 einingar	1	4,0
Fleiri en 4 einingar	2	8,0
Fjöldi svara	25	100,0
Tóku afstöðu	25	78,1
Ekki skilgreint	7	21,9
Fjöldi svarenda	32	100,0
<b>Meðaltal</b>	2	
Staðalfrávik	1,4	



## Spurning 22

## Hvaða námsefni er notað við bóklega kennslu í íþróttum?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Bókin <i>Þjálfun, heilsa, vellíðan</i>	21	65,6
Efni sem kennarar skólans hafa sett saman	14	43,8
Vinnubókin <i>Þjálfun, heilsa, vellíðan</i>	12	37,5
Annað efni	5	15,6
Engin bókleg kennsla	3	9,4
Fjöldi svara	55	
Fjöldi svarenda	32	



Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Þeir sem nefndu „Annað efni“:

- Efni frá Lýðheilsustöð.
- Ekkert.
- Ekkert sérstakt skriflegt efni er notað.
- Glósur og annar fróðleikur frá kennara.
- Valáfangi í íþróttafraeði sem er bæði verklegt og bóklegt, 3 einingar.



## Hvernig er fylgst með árangri nemenda í íþróttum?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Með því að taka mið af mætingu	30	93,8
Með mati á virkni í íþróttatímum	24	75,0
Með mati á framförum	23	71,9
Með könnunum á þrekþáttum	19	59,4
Með könnunum á bóklegri þekkingu	19	59,4
Með könnunum á færni	16	50,0
Með sjálfsmati nemenda	6	18,8
Með könnunum á líðan	2	6,3
Með öðrum hætti	2	6,3
Fjöldi svara	141	
Fjöldi svarenda	32	


Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðareftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

## Spurning 24

## Hvað er lagt til grundvallar við einkunnagjöf í íþróttum?


Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Mæting	32	100,0
Mat á virkni í íþróttatímum	23	71,9
Könnun á bóklegri þekkingu	20	62,5
Mat á framförum	18	56,3
Könnun á þrekþáttum	14	43,8
Könnun á færni	12	37,5
Annað	3	9,4
Fjöldi svara	122	
Tóku afstöðu	32	

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðareftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Þeir sem nefndu „Með öðrum hætti“:

- Skólameistara er það óljóst.
- Í íþróttum eru framfarir í liðleika kannaðar með prófum.



Þeir sem nefndu „Annað“:


- Einnig er metin samhæfing, samvinna, þátttaka í viðburðum utan kennslutíma eins og fjallgöngur, sundferðir o.fl.
- Könnun á bóklegri þekkingu er einungis í einum áfanga.
- Verkefnavinna.

## Hvaða valáfanga í íþróttum er boðið upp á í skólanum fyrir nemendur í reglulegu dagskólanámi?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR 321 Knattspyrna	16	50,0
ÍþR 381 Blak	13	40,6
ÍþR 331 Korfknattleikur	12	37,5
ÍþR 361 Handknattleikur	12	37,5
ÍþR 371 Badminton (hnit)	12	37,5
ÍþR 391 Sund	12	37,5
ÍþR 311 Fimleikar	6	18,8
ÍþR 351 Frjálsíþróttir	6	18,8
ÍþR 341 Borðtennis/tennis	4	12,5
Aðra áfanga	24	75,0
Engir valáfangar í boði	4	12,5
Fjöldi svara	121	
Fjöldi svarenda	32	

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Þeir sem nefndu „Aðra áfanga“:


- Jóga, fjallgöngur (nefnt af 4).
- Afreksíþróttaráfanga.
- Allt í bland og enginn séráfangi.
- B-stig ÍSÍ.
- Eigin íþróttagrein.
- Einnig er boðið upp á hestaiþróttir og fjallgönguáfanga.
- Fjallgöngur.
- Glíma, útivist og júdó
- Gönguáfangi og 3B2 þrek og þol.
- Hjólaáfangi og fjallgönguáfangi, þetta eru valáfangar og við reynum að fylgast með þeim sem koma á hjóli í skólann og fjallgönguáfanginn er á laugardögum.
- ÍþR 301 er skipt í hópa eftir áhuga og ÍþR 3F1 er fjallganga
- Íþróttafraeði.
- Jóga, boltagreinar (stelpu og stráka), útivist og tækjapjálfun.
- Júdó, jóga, squash o.fl.
- Lýð1A03, Lýð1B02, Lýð2A02, Lýð2B03.
- Ofangreindar íþróttagreinar koma inn í almenna íþróttatíma, en fjölbreytni takmarkast af aðstöðu til íþróttar.
- Óhefðbundnar íþróttir s. bardagaíþróttir, íþróttir fyrir fatlaða.
- Útihlaup eða trimm. Þrekpjálfun eða styrktarþjálfun.
- Útivist og fjallamennska.
- Útivist.
- Val nemenda 202, 222, 2g2, 301, 3f1, 3ú1, 3h1.

### Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á fyrstu önn?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR101	14	43,8
ÍþR102	4	12,5
101	3	9,4
102	2	6,3
Annað	10	31,3
Fjöldi svara	33	
Fjöldi svarenda	32	

Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því fjálsar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:


- 112.
- ÍþR1024.
- ÍþR122.
- ÍþR1V12/ÍþR1B12/ÍþR1D12/ÍþR1024.
- ÍþR2A01 nýtt kerfi.
- ÍþR301 ársáfangi.
- ÍþS 1024, ÍþS 1124, ÍþS 1224.
- Lík101.
- LÝÐ1A02.
- LÝÐ1A03.

### Spurning 26b

### Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á annarri önn?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR111	8	25,0
ÍþR 201	4	12,5
111	4	12,5
ÍþR202	2	6,3
ÍþR301	2	6,3
Annað	12	37,5
Fjöldi svara	32	
Fjöldi svarenda	32	

Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því fjálsar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:

- 202/212
- Fyrsta ár er íþróttir 102.
- ÍþR 1212 eða 1412, ÍþR 1312 eða 1512, ÍþR 2424
- ÍþR 2024.
- ÍþR101.
- ÍþR121.
- ÍþR132.
- ÍþR1V12/ÍþR1B12/ÍþR1D12/ÍþR1024.
- ÍþR2B01 nýtt kerfi.
- Lík201.
- LÝÐ1A02.
- LÝÐ1B02.

### Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á þriðju önn?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR201	9	28,1
ÍþR301	4	12,5
201	3	9,4
202	3	9,4
Annað	14	43,8
Fjöldi svara	33	
Fjöldi svarenda	32	


Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálssar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

#### Spurning 26d

### Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á fjórðu önn?


Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR211	8	25,0
211	4	12,5
ÍþR401	4	12,5
ÍþR3012	2	6,3
Annað	14	43,8
Fjöldi svara	32	
Fjöldi svarenda	32	

Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálssar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:

- ÍþF132.
- ÍþR 1212 eða 1412, ÍþR 1312 eða 1512, ÍþR 2424.
- ÍþR 3012.
- ÍþR XX1.
- ÍþR101.
- ÍþR1V12/ÍþR1B12/ÍþR1D12/ÍþR1024.
- ÍþR2C01 nýtt kerfi.
- ÍþR302.
- ÍþR401 ársáfangi.
- Lík321, Lík331, Lík341, Lík35.
- LÝÐ1X02.
- LÝÐ2A02.
- Val á milli mismunandi íþróttgreina, boltaiþróttir, dans, jóga, skokk, sund, þrek og útvíst.
- Val nemenda 222, 2g2, 301, 331, 371, 381, 391, 3f1, 3ú1, 3h1.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:


- 301.
- Annað ár er íþróttir 202.
- ÍþR101.
- ÍþR XX1.
- ÍþR1V12/ÍþR1B12/ÍþR1D12/ÍþR1024.
- ÍþR2D01 nýtt kerfi.
- ÍþR302.
- ÍþR371.
- ÍþV102.
- LÝÐ1A02.
- LÝÐ2B03.
- Sama og á þriðju o.fl.
- Val á milli mismunandi íþróttgreina, boltaiþróttir, dans, jóga, skokk, sund, þrek, útvíst.
- Val nemenda 202, 222, 2g2, 301, 331, 371, 381, 391, 3f1, 3ú1, 3h1.

## Hvaða áfangaeiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á fimmtu önn?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR301	8	25,0
ÍþR 501	2	6,3
301	2	6,3
Annað	18	56,3
Á ekki við	2	6,3
Fjöldi svara	32	
Fjöldi svarenda	32	

Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálssar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:


- 401.
- Allt valáfangar, val um allt að 10 áfangar.
- Frjálst val.
- ÍþR 3012.
- ÍþR 3024, ÍþR 3112, ÍþR 3212, ÍþR 3312, ÍþR 3412.
- ÍþR 3val1 til dæmis ÍþR321, 3J1 eða annað millinúmer.
- ÍþR XX1.
- ÍþR101.
- ÍþR211.
- ÍþR2V12/ÍþR3V12/ÍþR3012/ÍþR4012/ÍþR1024
- ÍþR3X2 haust og vor í eldra kerfi, ein eining á önn.
- ÍþR501 ársáfangi.
- ÍþRXX1.
- Lík531 o.fl.
- LÝÐ1A02.
- Þriðja ár íþróttir 302.
- Val á milli mismunandi íþróttgreina, boltaiþróttir, dans, jóga, skokk, sund, þrek, útivist.
- Val nemenda 202, 222, 2g2, 301, 331, 371, 381, 391, 3f1, 3ú1, 3h1.

## Hvaða áfangaeiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á sjöttu önn?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR311	5	15,6
ÍþR301	2	6,3
ÍþR601	2	6,3
Annað	21	65,6
Á ekki við	2	6,3
Fjöldi svara	32	
Fjöldi svarenda	32	

Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálssar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:


- 311.
- 3X1.
- 501.
- Allt valáfangar, val um allt að 10 áfanga.
- Frjálst val.
- ÍþR 3012.
- ÍþR 3512, ÍþR 3612, ÍþR 3712.
- ÍþR 3val1 til dæmis ÍþR321, 3J1 eða annað millinúmer.
- ÍþR XX1.
- Íþr101.
- íþr211.
- ÍþR2V12/ÍþR3V12/ÍþR3012/ÍþR4012/ÍþR1024.
- Íþr381.
- ÍþR3X2 haust og vor í eldra kerfi, ein eining á önn.
- ÍþR501 ársáfangi.
- ÍþRXX1.
- Lík631, lík641 o.fl.
- LÝÐ1A02.
- Þriðja ár íþróttir 302.
- Val á milli mismunandi íþróttgreina, boltaiþróttir, dans, jóga, skokk, sund, þrek, útivist.
- Val nemenda 202, 222, 2g2, 301, 331, 371, 381, 391, 3f1, 3ú1, 3h1.

## Hvaða áfangageiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á sjöundu önn?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
íþr401	6	18,8
ÍþR301	3	9,4
Annað	20	62,5
Á ekki við	3	9,4
Fjöldi svara	32	
Fjöldi svarenda	32	

Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálssar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:


- 3X1.
- 601.
- Allt valáfangar, val um allt að 10 áfanga.
- Ekki fleiri skylduáfangar í íþróttum.
- Fjórdá ár íþróttir 402.
- Frjálst val.
- ÍþR 3012.
- ÍþR 3812, ÍþR 3912.
- ÍþR 3val1, til dæmis ÍþR321, 3J1 eða annað millinúmer.
- ÍþR 701.
- ÍþR XX1.
- Íþr101.
- Íþr211.
- ÍþR2V12/ÍþR3V12/ÍþR3012/ÍþR4012/ÍþR1024.
- ÍþR3X2 haust og vor í eldra kerfi, ein eining á önn.
- ÍþR601 ársáfangi.
- ÍþRXX1.
- Ofangreint nema 101 og 201.
- Val á milli mismunandi íþróttgreina, boltaiþróttir, dans, jóga, skokk, sund, þrek, útivist.
- Val nemenda 202, 222, 2g2, 301, 331, 371, 381, 391, 3f1, 3ú1, 3h1.

## Hvaða áfangaheiti notar skólinn yfir íþróttakennslu nemenda í reglulegu dagskólanámi til stúdentsprófs á áttundu önn?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
ÍþR411	6	18,8
ÍþR301	3	9,4
Annað	19	59,4
Á ekki við	4	12,5
Fjöldi svara	32	
Fjöldi svarenda	32	

Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálssar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



Svör þeirra sem nefndu „Annað“:


- 3X1.
- 3X12 ÍþR 4812, ÍþR 4X12.
- 701.
- Allt valáfangar, val um allt að 10 áfanga.
- Fjórða ár íþróttir 402.
- Frjálst val.
- ÍþR 3012.
- ÍþR 3val1, til dæmis ÍþR321, 3J1 eða annað millinúmer.
- ÍþR 801.
- ÍþR XX1.
- ÍþR101.
- ÍþR211.
- ÍþR2V12/ÍþR3V12/ÍþR3012/ÍþR4012/ÍþR1024.
- ÍþR3X2 haust og vor, í eldra kerfi ein eining á önn.
- ÍþR601 ársáfangi.
- ÍþRXX1.
- Ofangeint nema 101 og 201.
- Val á milli mismunandi íþróttagreina, boltaiþróttir, dans, jóga, skokk, sund, þrek, útvist.
- Val nemenda 202, 222, 2g2, 301, 331, 371, 381, 391, 3f1, 3ú1, 3h1.



## Eru gefnar út kennsluáætlanir í íþróttum í upphafi annar?

Mars-maí 2011

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já	30	93,8
Nei	2	6,3
Fjöldi svarenda	32	100,0



## Spurning 28

## Hvers vegna eru ekki gefnar út kennsluáætlanir í íþróttum í upphafi annar?

Þeir sem nefndu að kennsluáætlanir í íþróttum væru ekki gefnar upp í upphafi annar (sp. 27) voru spurðir þessarar spurningar.

- Það hefur enginn áhuga á slíku.
- Það fer ekki fram hefðbundin kennsla og því ekki talin þörf á því.

## Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Mars-maí 2011

- Nei (nefnt af 16).
- Allir nemendur fá viðfangsefni vikunnar á mánudögum og vinna eftir verkáætlun vikunnar. Beitt er símati og leiðsagnarmati alla önnina.
- Eftir að við höfum samstarf við líkamsræktarstöð höfum við náð að glæða áhuga nemenda á íþróttum og almennri hreyfingu. Eftir að við höfum samstarf við Sporthúsið og íþróttafélög hefur ásókn í íþróttir nær tvöfaldast. Vottorð vegna íþróttar þekkjast varla nema að nemendur hafi lent í alvarlegum slysum. Með þessu höfum við náð til þeirra nemenda sem helst þurfa á hreyfingu að halda.
- E.t.v. meira samræmi um íþróttakennslu milli skóla.
- Framhaldsskólinn er með íþróttabraut og leggur mikla áherslu á virkt og öflugt íþróttastarf.
- Á síðustu tveimur árum hefur val í íþróttum verið aukið verulega.
- Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni og að nemendur hafi val.
- Mjög margir nemendur skólans taka virkan þátt í starfsemi UMFL, s.s. í keppnisgreinum á héraðs- og/eða landsvísu. Bæði er þar um að ræða hópíþróttir og einstaklingsíþróttir.
- Skólinn býður afreksbraut í íþróttum, knattspyrnu, körfubolta og golfi.
- Skólinn er að jafnaði þrjú ár til stúdentsprófs og starfar því í 6 annir.
- Það er boðið upp á val í íþróttum, ef nemendur geta ekki stundað hefðbundnar íþróttir er þeim boðið val við hæfi undir leiðsögn kennara svo það eru ekki vottorð í íþróttum.
- Þessi könnun passar á ýmsan hátt illa við skólann vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að skólar vinni eftir nýrri námskrá.
- Þörf er á bættri aðstöðu til íþróttakennslu í skólanum.
- Vakinn skal athygli á því að skólinn hefur haft frumkvæði í bóklegri kennslu í íþróttum og starfandi eru öflugar íþróttakademíur innan skólans.
- Val á milli mismunandi íþróttagreina er í stöðugri þróun og er reynt að ná til sem flestra nemenda með það að leiðarljósi að allir finni líkamrækt við sitt hæfi.
- Vegna niðurskurðar er verið að endurskoða nám í íþróttum við skólann.
- Við höfum breytt íþróttum talsvert hjá okkur og reynum að koma til móts við alla nemendur og gera þeim kleyft að stunda íþróttir á þeirra forsendum. Við breyttum fyrir nokkrum árum í tveggja eininga áfanga hjá fyrsta ári og erum byrjuð að færa það á annað árið þannig að talsverður hluti nemenda er búinn með íþróttir eftir tvö ár. Þannig fá þau nægilega hreyfingu fyrstu tvö árin en geta svo sinnt þeirri líkamsrækt sem þau kjósa þegar þau eru orðin fullorðin. Þeim stendur auðvitað til boða að stunda íþróttir áfram ef það hentar þeim og margir nýta sér það.

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Mjög miklu máli (5)	217	27,6	3,1
Frekar miklu máli (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar líttu máli (2)	61	7,8	1,9
Mjög líttu máli (1)	19	2,4	1,1
Miklu máli	786	72,9	3,1
Hvorki né	133	16,9	2,6
Líttu máli	60	10,2	2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	99,0	
Tóku ekki afstöðu	8	1,0	
Fjöldi svarenda	794	100,0	
<b>Meðaltal</b>	<b>3,9</b>		
Vikmörk ±	0,1		

## Tölur


Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í töflum og myndum. Hver spurning er efst á hverri blaðsíðu og nafnið á því sem hún á að mæla er sett fyrir ofan hverja töflu. Í töflunni er hægt að sjá svörþáttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í töflunni hér til hliðar má sjá að rétttæp 28% þátttakenda telja það sem spurt var um skipta mjög miklu máli og ríflega 45% frekar miklu. Ef teknir eru saman þeir sem segja þetta skipta „frekar miklu“ og „mjög miklu“ þá gefur það naumlega 73%.

## Vikmörk

Til að geta áttáð sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessarar vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: Á segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) þeirra sagt að þetta skipti mjög miklu máli. Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmöguleikana. Ef vikmörkin skarast ekkyr munur á þeim marktækur. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar teldu það sem spurt var um skipta frekar miklu máli en mjög miklu máli.

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu:  $(\text{Mjög miklu máli (fj. x 5)} + \text{Frekar miklu máli (fj. x 4)} + \text{Hvorki né (fj. x 3)} + \text{Frekar líttu máli (fj. x 2)} + \text{mjög líttu máli (fj. x 1)}) / \text{Heildarfjöldi svara}$ . Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 5.

**Staðalfrávik** er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda viðspurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.



## Myndir

Í myndum er reynt að dragasaman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverjusinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést að ekki er munur á meðaltölum eftir kyni en hins vegar er munur eftir aldri þátttakenda. Hér skiptir það sem spurt var um þá sem eldri eru meira máli en þá sem yngri eru.

## Greiningar

	Fjöldi	Mjög miklu	Frekar miklu	Í meðal-lagi	Frekar líttu	Mjög líttu	Meðaltal
<b>Kyn</b>							
Karlar	396	28,8%	43,7%	17,2%	7,1%	3,3%	3,9
Konur	390	26,4%	46,9%	16,7%	8,5%	1,5%	3,9
<b>Aldur *</b>							
16-24 ára	166	22,1%	44,8%	16,3%	12,8%	4,0%	3,7
25-34 ára	159	22,6%	42,8%	16,4%	13,8%	4,4%	3,7
35-44 ára	164	25,0%	42,1%	24,4%	7,3%	1,2%	3,8
45-54 ára	136	30,1%	47,8%	15,4%	5,1%	1,5%	4,0
55-75 ára	161	32,3%	48,4%	11,8%	4,3%	3,1%	4,0

\* Marktækur munur á meðaltölum hópa

## Marktekt

Algengur misskilningur er að ef niðurstaða tölfræðiþrófs er ekki tölfræðilega marktæk þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er rangt, því eina merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa muninn í úrtaki yfir á þýði.

Við úrvinnslu á niðurstöðum eru alla jafna notuð tölfræðiþróf sem greina hvort munur á tilteknum hópum sé tölfræðilega marktækur eða ekki. Í flestum tilfellum er einhver munur á öllum hópunum sem at hugaðir eru. Þar sem einungis er verið að vinna með úrtök eru marktæktarþróf notuð til að meta hvort hægt sé að staðhæfa hvort einhver munur sé einnig í því þýði sem úrtakið var dregið úr (dæmi um þýði: Allir Íslendingar á aldrinum 18-69 ára). Ef niðurstaða er ekki tölfræðilega marktæk er ekki hægt að staðhæfa að einhver munur sé á tilteknum hópum í þýði þrátt fyrir að munur sé á þeim í úrtakinu. Ef niðurstaða er tölfræðilega marktæk má álykta sem svo að munur sé á þessum hópum í þýðinu.